

Íslandsmót í frisbígolfi 2014

5–7. september 2014

Föstudagur 5. september

- Kl. 17.30 Mæting í Texas – Keppt í tveggja manna liðum
- Kl. 18.00 Íslandsmeistaramótið í Texas scramble – Klambratúnsvöllur

Laugardagur 6. september

A- og B- flokkar:

Spilaðir verða 2 hringir í Gufunesi.

- Kl. 10.00 Spilaður fyrri 18 holu hringur –bláir teigar
- Kl. 12.00 Hádegishlé (samloka og drykkur)
- Kl. 13.00 Spilaður seinni 18 holu hringur
- Kl. 16.00 Niðurskurði lokið. Efstu 50% fara áfram í úrslit. (lágmark 8 manns)

Sunnudagur 7. september

- Kl. 10.00 Undanúrslit. Spilaður verða 6 holur – blári teigar Fossvogur
Úrslit. Efstu fjórir spila 6 holur – sérvaldir teigar Fossvogur
Fimmti maður kemur inn ef munar þremur eða minna frá þriðja sæti (endanleg ákvörðun mótisstjóra)

Klambratúnsvöllur

- Kl. 14.00 Kvennaflokkur – Klambratún (tveir hringir)
C- flokkur – Klambratún (tveir hringir – niðurskurður eftir fyrri hring)
- Kl. 15.00 Barnaflokkur – Klambratún (sex holur)

Keppnisstjóri er Bjarni Baldvinsson

Skilgreining á flokkum

Hverjir geta tekið þátt?

Allir geta tekið þátt óháð kyni og aldri. Nafnbótin "Íslandsmeistari" fær eingöngu sá sem hefur íslenskan ríkisborgararétt. Öllum er heimilt að keppa í A- og B- flokki, óháð kyni og aldri.

A- og B- flokkur

Báðir flokkar spila af sömu teigum og ákveða keppendur sjálfir í hvorn flokkinn þeir skrá sig. Eingöngu A flokkur spilar undanúrslit/úrslit á sunnudag. Sigurvegari A flokks fær nafnbótina Íslandsmeistari í Frisbígolfi 2014.

Flokkur B spilar ekki undanúrslit heldur klárar keppni á laugardag (tveir hringir). Veitt eru verðlaun fyrir 3 efstu sætin í B flokk.

Keppnisgjald í A- og B-flokk er 2000 kr. fyrir félagi ÍFS, 3000 kr. fyrir aðra. Innifalin er samloka og drykkur á laugardegi.

C- flokkur

Þessi flokkur eru ætlaður þeim sem eru að keppa á sínu fyrsta Íslandsmóti og eru stíga fyrstu skref í keppni þetta sumar og telja sig ekki eiga erindi í A eða B flokk. Veitt eru verðlaun fyrir 3 efstu sætin í C-flokk.

Í byrjendaflokki verður fyrirkomulagið þannig að allir spila einn hring og efstu menn spila síðan til úrslita seinni hring, hinir hafa lokið keppni.

Þetta niðurskurðarfyrirkomulag gerir ráð fyrir því að helmingur af byrjendaflokknum komist áfram og spili seinni hringinn.

Aukaverðlaun (folfdiskar) verða veitt í byrjendaflokknum en dregið verður úr öllum skráðum þátttakendum í byrjendaflokki.

Keppnisgjald í C-flokk er 1000 kr. fyrir félagi ÍFS, 2000 kr. fyrir aðra.

Kvennaflokkur

Þessi flokkur er ætlaður öllum konum og sigurvegari fær titilinn Íslandsmeistari kvenna 2013. Veitt eru verðlaun fyrir efstu þrjú sætin.

Keppnisgjald í kvennaflokk er 1000 kr. fyrir félagi ÍFS, 2000 kr. fyrir aðra.

Barnaflokkur

Þessi flokkur er fyrir 14 ára og yngri, stelpur og stráka. Sigurvegari fær titilinn Íslandsmeistari barna 2014. Veitt eru verðlaun fyrir efstu þrjú sætin.

Keppnisgjald í barnaflokki er ekkert.

Texas scramble

Kept er í tveggja manna liðum. Báðir aðilar kasta og geta valið betra kast. Keppnisgjald er 1.000 kr. á lið.